



HRUNAMANNAHREPPUR

73. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

14. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 4. september kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Veitu- og framkvæmdanefnd: Fundargerð 19. fundar frá 25. ágúst 2025.

Lögð fram fundargerð 19. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.

Varðandi lið nr. 4, kostnaðarmat á gerð göngustígs frá Byggð á Bríkum að miðsvæði Flúða, samþykkir sveitarstjórn samhljóða að vísa umræðu um stíginn til gerðar fjárhagsáætlunar vegna komandi árs.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

2. Fundargerð 308. fundar skipulagsnefndar frá 27. ágúst 2025.

Lögð fram fundargerð 308. fundar skipulagsnefndar frá 27. ágúst 2025.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 15. Hrafnheimar (áður Ásatúnsvallarland): Breyttir byggingarreitir; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram, eftir auglýsingu, tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Hrafnheima L218490 (áður Ásatúnsvallarland) í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að byggingarreitur nr. 2 færist um 20 m til suðurs og á honum verður heimilt að reisa 400 fm byggingar í heildina þ.e. hesthús, skemmu og gistirými sem yrði allt að 100 fm af heildarbyggingarmagni reitsins. Einnig færist byggingarreitur nr. 3 suður fyrir aðkomuveg. Umsagnir bárust á auglýsingartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Handwritten signatures and initials in purple ink, including "DAS" and "Aeg".

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 16. Langholtskot: Vakholt (ný landeign); Langholtskot 2; Stofnun lóðar og staðfesting á afmörkun.

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 09.07.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar skiptingu jarðar og staðfestingu á hnitsettri afmörkun. Óskað er eftir að stofna 547.300,2 fm (54,7 ha) landeign, Vakholt, úr jörðinni Langholtskot L166796 sem verður 133,4 ha eftir skiptin skv. hnitsetningu, sem ekki hefur legið fyrir áður, að teknu tilliti til hnitsettrar afmörkunar Langholtskots 2 (áður Langholtskot) L166797 sem mælist 4.000 fm og er í samræmi við núverandi skráningu í fasteignaskrá.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun og skiptingu jarðarinnar skv. fyrirbyggjandi merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar eða við afmörkun og skiptingu jarðarinnar skv. framlagðri merkjalýsingu.

Mál nr. 17. Kriki 3 (áður Kriki): Kriki 2 (ný landeign); Stofnun lóðar.

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 01.07.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar skiptingu jarðar. Óskað er eftir að stofna 22,8 ha landeign, Kriki 2, úr jörðinni Kriki L166837 sem verður 23,6 ha eftir skiptin og fær staðfangið Kriki 3 skv. meðfylgjandi merkjalýsingu.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við skiptingu jarðarinnar skv. fyrirbyggjandi merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar eða við skiptingu jarðarinnar skv. framlagðri merkjalýsingu.

Mál nr. 18. Efra-Langholt land 2: Tamningastöð og reiðskóli, 4 gestahús; Nýbýli, Fagurhólsbrekka; Deiliskipulag.

Lögð er fram, eftir auglýsingu, tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Efra-Langholts lands 2 L219044. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir að landið fái staðfangið Fagurhólsbrekka. Í deiliskipulaginu felst heimild fyrir uppbyggingu á nýju býli til ábúðar þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á íbúðarhúsi ásamt tamningarstöð og reiðskóla. Auk þess er gert ráð fyrir heimild sem tekur til uppbyggingar á allt að fjórum gestahúsum. Umsagnir bárust á auglýsingartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna.

Handwritten signatures and initials: ARJ, DGS, BV, and a date 2.

Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 126. fundar stjórnar frá 14. ágúst 2025.

Lögð fram fundargerð 126. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 127. fundar stjórnar frá 22. ágúst 2025.

Lögð fram fundargerð 127. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

5. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 334. fundar stjórnar frá 19. ágúst 2025.

Lögð fram fundargerð 334. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. SASS: Fundargerð 625. fundar stjórnar frá 14. ágúst 2025.

Lögð fram fundargerð 625. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

7. Bréf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga frá 26. ágúst 2025.

Lagt fram bréf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga þar sem óskað er eftir fulltrúum í bakhópa um umhverfismál.

Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna yfirmann umhverfismála í bakhóp um úrgangsmál og hringrásarhagkerfið og einnig bakhóp um loftslagsmál.

8. Bréf frá Stígamótum frá 1. september 2025.

Lagt fram bréf frá Stígamótum þar sem óskað er eftir fjárstuðningi og samstarfi um reksturinn fyrir árið 2026.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja samtökin með sama hætti og gert hefur verið undanfarin ár.

9. Bréf frá Hrunaprestkalli frá 26. ágúst 2025.

Lagt fram bréf frá Hrunaprestkalli þar sem óskað er eftir styrk vegna æskulýðsstarfs í Hrunaprestkalli. Öllum nemendum í 8. bekk Flúðaskóla (óháð því hvort þau fermast eða ekki) verður boðið í menningar-, skemmti- og fræðsluferðir. Fyrri ferðin verður í Vatnaskóg í september þar sem gist verður eina nótt og seinni ferðin verður dagsferð í Skálholt í mars. Óskað er eftir styrk frá sveitarfélaginu að upphæð 10.000 kr. á hvert barn.

Sveitarstjórn fagnar því öfluga og metnaðarfulla starfi sem fram fer á vegum safnaðarins og samþykkir að styrkja börnin okkar til þátttöku í æskulýðsstarfi Hrunaprestkalls.

Agg SS
HA DCS
BV

10. Bréf frá eiganda sumarhúss við Ásabyggð 12 frá 22. ágúst 2025.

Lagt fram bréf frá eigendum sumarhúss við Ásabyggð 12 þar sem óskað er eftir breytingum á deiliskipulagi svæðisins svo mögulegt sé að fá rekstrarleyfi gististaðar fyrir sumarhúsið.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa erindinu til skipulagsnefndar enda hefur erindinu áður verið vísað til nefndarinnar og bíður það afgreiðslu nefndarinnar.

11. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn venju samkvæmt eða þann 18. september 2025, kl. 14:00.

Fjárhagsleg málefni:

12. Umsókn um námsstyrk vegna fjölgunar faglærðra í leikskólanum Undralandi á Flúðum.

Lögð fram umsókn um námsstyrk vegna fjölgunar faglærðra í leikskólanum Undralandi á Flúðum.

Sveitarstjórn fagnar því að starfsmenn leikskólans séu að sækja sér aukna menntun á þessu sviði og samþykkir umsóknina samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:57.

Doti Geir Samuelsson

Alexandra Þó Jóhannesdóttir

Bjarney Vignisólóttir

Haraldur Hafsteinsson

Alfrið Hafsteinsson